Nr. 16
8. sept.

Tilskipun

um

meðferð á störfum landsfjehirðis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 6. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, viljum Vjer skipa svo fyrir um það, hvernig fara skuli um störf landsfjehirðis, er tekið hefir við störfum landfógeta, sem hjer segir:

Störf landsfjehirðis skulu frá 1. september 1918 skilin frá Landsbanka Íslands og lögð undir fjármáladeild stjórnarráðsins, annaðhvort þannig, að sett sje á stofn sjerstök skrifstofa fyrir landsfjehirði, eða hann hafi skrifstofu í fjármáladeildinni.

Nánari reglur um framkvæmd þessara starfa og annað, er þar að lýtur, setur fjármálaráðherra.

Tilskipun þessi öðlast gildi hinn 15 september 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skagen, 8. september 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Sig. Eggerz